

**Ed.**

**439. Nefndarálit**

[60. mál]

um frv. til l. um breyt. á iðnaðarlögum, nr. 42 18. maí 1978.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Meiri hl. hennar leggur til að það verði samþykkt. Svavar Gestsson mun skila séráliti.

Á fund nefndarinnar komu Halldór J. Kristjánsson, yfirlögfræðingur iðnaðarráðuneytisins, og Baldur Guðlaugsson hrl., formaður nefndar sem forsætisráðherra hefur skipað til að annast heildarendurskoðun á lögum og reglum um fjárfestingar erlendra aðila hér á landi. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Landssambandi iðnaðarmanna og Alþýðusambandi Íslands.

Ríkisstjórnin hefur markað þá stefnu í starfsáætlun sinni að lög um erlent fjármagn í íslensku atvinnulífi verði endurskoðuð og samræmd. Samkvæmt því er stefnt að því að erlent áhættufé geti komið í staðinn fyrir erlent lánsfé við fjármögnun atvinnufyrirtækja hér á landi.

Ástæða þess að frumvarp þetta er flutt áður en heildarendurskoðuninni er lokið er sú að á síðustu mánuðum hafa leitað til iðnaðarráðuneytisins nokkur innlend fyrirtæki sem hyggja á samstarf við erlend fyrirtæki um iðnrekstur hér á landi þar sem sammæli er um að erlendu aðilarnir eigi jafnan hlut eða meiri hluta. Í einu tilviki hefur jafnvel komið til tals milli aðila að verði ekki heimilt að stofna hér á landi iðnfyrirtæki í jafnri eign aðila verði fyrirtæki stofnað í heimaríki hins erlenda aðila. Því hefur iðnaðarráðherra talið brýnt að málið verði afgreitt sem fyrst þannig að ekki þurfi til þess að koma að mikilvæg nýsköpun í iðnaði verði flutt úr landi í tilviki sem þessu.

Við afgreiðslu frumvarpsins leggur meiri hl. áherslu á eftirfarandi sjónarmið:

1. Heildarákvæði sambærilegt því sem lagt er til í frumvarpi þessu var í iðnaðarlögum frá 1927 til 1978 þegar ákvæðið féll úr lögum. Nefndin áréttar það sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að orðalagið „enda standi sérstaklega á“ skuli skýra þröngt og gildi fyrst og fremst um samstarfsfélög innlendra og erlendra aðila er vinna að nýsköpun.
2. Heimildarákvæði þetta nær fyrst og fremst til smærri eða meðalstórra fyrirtækja. Vardandi samninga um stóriðju er gert ráð fyrir að sérstök lagasetning þurfi til að koma auk lánsfjárheimildar.
3. Samstarf innlendra og erlendra aðila í iðnfyrirtækjum getur aukið verulega fjölbreytni í útflutningi, flutt inn í landið nýja þekkingu, t.d. á sviði tæknimála, markaðsfærslu og stjórnunar. Enn fremur er það mikils virði að hinn erlendi samstarfsaðili beri hluta af fjárhagslegri áhættu sem atvinnurekstrinum fylgir.
4. Það er eðlilegt og æskilegt að stuðla að því að innlendir og erlendir aðilar taki upp samstarf í nýjum iðngreinum og við endurskipulagningu á starfsemi sem þegar er fyrir hendi. *Jafnframt verði tryggt að erlendir aðilar nái ekki tókum á náttúruauðlindum lands og sjávar eins og skýrt er tekið fram í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar.*

Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 22. des. 1987.

Stefán Guðmundsson,  
form., frsm.

Júlíus Sólnes,  
fundaskr.

Þorv. Garðar Kristjánsson.

Egill Jónsson.

Karl Steinar Guðnason.

Jóhann Einvarðsson.